

Aðalfundur LÍV 15. október 2011 kl: 16:00 Hveravöllum.

Fundargerð

Dagskrá:

1. Fundarstjóri kosinn
2. Fundarritari kosinn
3. Skýrslur svæðafélaga
4. Endurskoðaðir reikningar lagðir fram og skýrðir
5. Fjárhags- og framkvæmdaáætlun næsta starfsárs
6. Ákvörðun um félagsgjald og skipting þess
7. Ákvörðun um félagsgjald þeirra félaga sem hafa aukaðaild að sambandinu
8. Lagabreytingar
9. Ný stjórn kynnt
10. Kostnir tveir skoðunarmenn og einn til vara
11. Ákvörðun um næsta aðalfund
12. Önnur mál

Fundur settur kl. 16:00 og gengið til dagskrár.

1. **Fundarstjóri kosinn:** Freyr Aðalgeirsson
2. **Fundarritari kosinn:** Heiðar Jónsson

3. Skýrslur svæðafélaga

- a. LÍV: Forsetinn kynnti starf síðasta vetrar.
 - Búið að fjárfesta í þrem myndavélum sem koma á í gagnið fyrir veturinn. Ákveðið hefur verið að setja upp myndavél í Laugarfelli og Landmannalaugum. Óákveðið með þriðja staðinn.
 - Grýtubakkahreppur styrktur um 350.000.- vegna Grenívíkurfjallsvegs.
 - Farið var yfir hvernig Bret Rasmussen námskeiðið gekk sem haldið var fyrir félagi LÍV og Landsbjörgu.
 - Farið var yfir þátttöku LÍV í SAMÚT . Óeining og árangursleysi áberandi í þessari vinnu aðildarfélagi SAMÚT er staðreynd.
- b. S.LÍF: Kiddi Túrbó kynnti starf vetrarins. Fyrir utan þátttöku í atburðum vetrarins stóðu öryggismál uppúr. S.LÍF á milligöngu um að selja félagsmönnum sínum öryggisbúnað fyrir um eina milljón.
- c. R.LÍV: Freyr kynnti starf vetrarins. Það sem stóð uppúr hjá þeim var velheppnað snjóflóðanámskeið.

d. E.LÍV : Birkir Sigurðsson kynnti starf vetrarins. Eljagangur 2011 var haldinn í febrúar. Vel heppnað „event“ sem verður haldi aftur 2012. Sjá nánar á www.eljagangur.is. Grýtubakkahreppur styrktur um 300.000.- vegna Grenívíkurfjallsvegs.

4. Endurskoðaðir reikningar lagðir fram og skýrðir

Rikki og Freyr fóru yfir reikningana í fjarveru gjaldkerans, rekstrar- og efnahagsreikning síðasta árs. Reikningar samþykktir samhljóða.

5. Fjárhags- og framkvæmdaáætlun næsta starfsárs

Rekstraráætlun 2010-2011 lögð fram munnlega. Samþykkt samhljóða.

6. Ákvörðun um félagsgjald og skipting þess

Samþykkt var að félagsgjald yrði óbreytt 4.500.- kr. Samþykkt var að skiptingin yrði einnig óbreytt þ.e. 60% til aðildarfélaga og 40% til LÍV.

7. Ákvörðun um félagsgjald þeirra félaga sem hafa aukaaðild að sambandinu

Ákveðið var að hafa óbreytt kerfi þ.e. eitt félagsgjald á lögheimili (maki og börn).

8. Lagabreytingar

Tillaga var um lagabreytingu á grein 7, sjá hér að neðan. Tillagan var samþykkt einróma.

~~Stjórn sambandsins skal skipuð tveimur fulltrúum frá hverju svæðafélagi sem er með 50 félagsmenn eða fleiri. Ef félagsmenn svæðafélags eru færri en 50 fær viðkomandi einn fulltrúa í stjórn sambandsins. Stjórn hvers svæðafélags skipar fulltrúa í stjórn félagsins ásamt einum varamanni. Í stjórn sambandsins skal ætíð sitja formaður svæðafélagsins. Stjórnin skiptir með sér verkum á þann hátt að formenn svæðafélaganna skiptast á með að skipa forseta félagsins til tveggja ára í senn. Stjórnin skiptir að öðru leyti með sér verkum.~~

-

~~Stjórn sambandsins er heimilt að skipa 7. mann í stjórn félagsins til að sinna sérstökum verkefnum t.d. gjaldkeramálum.~~

Stjórn er heimilt að skipa sérstakar nefndir til þess að sjá um framkvæmd sérstakra verkefna um lengri eða skemmri tíma.

Kjósa skal tvo skoðunarmenn og einn til vara til tveggja ára í senn.

Tillaga að breytingu :

Stjórn og fundir

7. gr.

Stjórn sambandsins skal skipuð tveimur fulltrúum og einum til vara sem tilnefndir eru af svæðafélagi sem telur 50 félagsmenn eða fleiri. Ef félagsmenn svæðafélags eru færri en 50 fær það svæðafélag einn fulltrúa í stjórn og einn til vara. Í stjórn sambandsins skulu ætíð sitja formenn svæðafélaga. Til viðbótar við skipaða stjórnarfulltrúa skal á landsfundi kjósa forseta félagsins til tveggja ára. Að þeim tíma liðnum er heimilt að kjósa sitjandi forseta til eins árs í senn. Að öðru leyti skiptir stjórn með sér verkum.

Stjórn er heimilt að skipa sérstakar nefndir til þess að sjá um framkvæmd sérstakra verkefna um lengri eða skemmri tíma.

Kjósa skal tvo skoðunarmenn og einn til vara til tveggja ára í senn.

9. Ný stjórn kynnt

Björn Traustason og Freyr Aðalgeirsson frá R.LÍV – varamaður þeirra er Ólafur Ólafsson Kristinn Björgvinsson og Gunnar Helgi frá S.LÍV – varamaður þeirra er Jóhann Gunnlaugsson Birkir Sigurðsson og Heiðar Jónsson frá E.LÍV –varamaður þeirra er Friðbjörn Benediktson.

10. Kostnir tveir skoðunarmenn og einn til vara

Sömu skoðunarmenn kostnir áfram.

11. Ákvörðun um næsta aðalfund

Samþykkt var að næsti aðalfundur yrði haldinn að Hveravöllum í október 2011.

12. Önnur mál

- Smári Sigurðsson ræddi um umhverfismál. Upplýsti hann um þau svæði sem bannað er að sleðast á og á hvaða tímum ársins og þau áhrif sem verndaráætlun Svandísar Svavarsdóttur umhverfisráðherra hefur haft á sleðamennsku. Smári hvatti nýja stjórn til að gæta hagsmuna félagsmanna er varðar ferðafrelsi. Töluverð umræða urðu um þessi mál og er almenn óánæja með þá þrógun sem á sér stað í „kerfinu“.
- Þór Kjartansson fór yfir þá vinnu sem fór fram í SAMÚT s.l. ár. Fram kemur að menn eru að reyna að ná saman en illa gangi. Þetta er mikilvægt starf sem ný stjórn þarf að ákveða hvernig verður hagað fram að næsta aðalfundi.
- Ákveðið var að hætta við að hætta við þátttöku í kostnaði endurvarpa með 4x4.
- Ákveðið var að fjarlægja gám félagsins við bensíndæluna á Hveravöllum og koma honum til byggða.
- Ákveðið var að kynna félagaskírteinið betur og þau fríðindi sem það hefur að bjóða.